



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Heiðarborg

2021 – 2022



Framtíðarsýn skóla- og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans: Vinátta – Gleði – Virðing.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021	8
3 Innra mat deilda	13
3.1 Laut	13
3.2 Bali	15
3.3 Lundur	17
3.4 Brekka.....	20
4 Innra mat sérkennslu.....	22
5 Innra mat – fjöltyngd börn	23
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	25
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	28
8 Foreldrasamvinna	29
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	30
10 Fylgigögn.....	31
10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	31



Leiðarljós leikskólans: Vinátta – Gleði – Virðing



Vinátta er mjög mikilvæg í leikskólanum. Að finna fyrir vinarþeli og að fá að njóta styrkleika sinna sem styrkir, börn, foreldra og starfsfólk.

Gleði á alltaf að vera leiðarljós í leik og vinnu með börnum því þannig dafna börnin best.

Virðing fyrir öðrum er grundvöllur þess að öllum líði vel og lífið sé sem mest laust við árekstra.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Það er óhætt að halda því fram að síðasti starfsvetur hafi verið óvenjulegur, ekkert síður en sá sem á undan honum fór. Óvenjuleikinn er því sem næst orðin venjulegur og sveigjanleiki er starfsfólki leikskólans orðin eðlislægur. Það verður ekki hjá því komist að nefna þau áhrif sem COVID-19 hefur haft á starf leikskólans. Þegar þriðja bylgja heimsfaraldursins skall á haustið 2020 var leikskólanum skipt í tvö hólf, starfsfólk vann meira innan deilda. Allt starf þvert á deildir, sem hefur verið rík hefð fyrir í Heiðarborg, féll niður. Útbúnaðar voru tvær kaffistofur og með því takmörkuðust mjög félagsleg samskipti á milli starfsfólks. Starfsfólk deilda skiptist á að sinna sótthreinsun í almennu rými leikskólans tvisvar á dag. Hver deild sá um að sótthreinsa sitt svæði, salerni, borð, snertifleti, húsbúnað og leikföng. Allt þetta var skráð á þar til gerð eyðublöð. Skipulagðar ferðir á stofnanir með börnunum, eins og bókasafn, Ásmundarsafn o.fl., urðu að víkja. Þess í stað fórum við í ferðir í nærumhverfi leikskólans, þangað sem hægt er að ganga því allar strætóferðir féllu einnig niður. Það hjálpaði mikið til að veður var með eindæmum gott, snjólétt og laust við djúpar lægðir. Því var auðvelt að fara í útinám sem er hluti af starfi leikskólans, milt veður og hálkuleysi auðvelduðu útinámið sem fékk að njóta sín á síðasta starfsári. Ofan á COVID-19 og það álag sem því fylgdi voru miklar framkvæmdir innan veggja leikskólans á haustmánuðum þegar farið var í miklar endurbætur á húsnæðinu. Í listasmiðju voru settir nýir skápar sem eru með útdraganlegum skúffum fyrir pappír og hillurnar gerðar breiðari og grynri svo auðveldara er að nálgast efnivið. Einnig voru settar hillur í hæð barnanna svo þau eigi auðveldara með að nálgast efnivið sjálf. Útbúin var ungarnadeild þar sem hiti var settur í gólf, hljóðvist endurbætt, deildin máluð, baðherbergið og húsgögn endurnýjuð. Einnig var búið til nýtt sérkennsluherbergi sem er staðsett hjá deildum, áður var sérkennsluherbergið inn af kaffistofunni sem var ekki góð staðsetning. Að þessu loknu voru þó framkvæmdirnar bara rétt að hefjast, tvær deildir til viðbótar voru



svo endurbættar með sama hætti. Þessar framkvæmdir á þeim tíma sem þriðja bylgja heimsfaraldursins stóð sem hæst, og þurfti að gæta að fjarlægð á milli starfsmanna, reyndi það svo



sannarlega á útsjónarsemi starfsmanna sem brást ekki bogalistin. Í þrjár vikur af þessu tímabili var þó ekki komist hjá því að hafa hluta barna heima. Nú fer fram undirbúningur á endurbótum fyrir fjórðu og síðustu deildina og ráðist verður í þær framkvæmdir á komandi starfsári. Niðurstöður úr innra mati leikskólans leiða í ljós að þessi endurnýjun skipti miklu máli varðandi aðbúnað starfsmanna og barna. Þó álagið hafi sannarlega verið mikið þegar hæst stóð er mikil ánægja meðal starfsfólks með útkomuna.

Framkvæmdum í húsi lauk fyrir jól en í kjölfar nýrra kjarasamninga fór fram mikil vinna við styttingu vinnuvikunnar sem hófst formlega í janúar 2021. Haustið 2020 fóru fram miklar umræður og hugmyndavinna við útfærslur á styttingunni og síðan var kosið um hve mikla styttingu við ætluðum að fara í. Ákveðið var að stytta vinnuvikuna um fjórar klukkustundir á viku, eða nánar tiltekið að stytta vinnutíma starfsfólks um þrjár klukkustundir á viku og safna einni klukkustund á viku og taka út í orlofi síðar. Þetta verkefni er mikil áskorun, sér í lagi á vinnustað eins og leikskóla þar sem verkefni eru ekki svo glatt lögð til hliðar og ófyrirsjáanlegar upptökur daglegt brauð. Þetta þýðir breytt vinnulag, breyttar áherslur, breytt hugsun, mikinn sveigjanleika og útsjónarsemi. Til að þetta sé framkvæmanlegt var ákveðið að breyta dagskipulagi þannig að börnin fara alltaf í útiveru eftir síðdegishressingu. Almennt er starfsfólk ánægt með þetta fyrirkomulag og hefur gengið nokkuð vel en veldur þó að einhverju leiti auknu álagi og minni sveigjanleika innan vinnutímans.

Eins og gefur að skilja var ekki vanþörf á að huga að heilsu og vellíðan starfsfólksins eftir slíkt álagstímabil sem hér hefur verið lýst. Starfsfólki bauðst axlanudd í desember, brugðið var á leik með öndinni honum Ödda sem faldi sig víða um leikskólann og ýmislegt var reynt til þess að létta starfsfólki lundina.

Á starfsárinu hóf leikskólinn þátttöku í tveimur nýjum samstarfsverkefnum með elstu börnum leikskólans, við Myndlistaskóla Reykjavíkur og Hestamannafélagið Fák. Þetta er í fyrsta sinn sem við höfum getað tekið þátt í samstarfi við Myndlistaskólann þar sem strætósamgöngur hafa ekki verið ákjósanlegar á milli þessara staða. Síðasta vetur fengum við styrk vegna nýrrar menntastefnu Reykjavíkur og gátum notað hluta hans í rútuferðir fyrir þetta verkefni. Samstarfið við Myndlistaskólann heppnaðist einstaklega vel. Börnin nutu sín og



kennurum fannst þetta lærdómsríkt og gefandi. Við munum halda þessu samstarfi áfram næsta vetur. Í vetur byrjuðum við einnig á formlegu samstarfi við Hestamannafélagið Fák ásamt hverfaleikskólunum og Selásskóla, en þetta verkefni tengist þróunarverkefninu *Stígur á milli stiga* og hlaut styrk úr Sprotasjóði. Vegna COVID-19 fórum við því miður aðeins tvisvar þennan veturinn, börnin fengu að kynna hestunum, kemma þeim og prófa að fara á bak. Við munum þó halda þessu verkefni áfram á komandi skólaári.



Miðað við allt það sem hér hefur komið fram, undirbúningur og útsjónarsemi sem þurfti til að bregðast við ytri aðstæðum og tileinka okkur nýjungar, hefði verið afsakanlegt og fullkomlega skiljanlegt að eitthvað hefði verið gefið eftir í annarri starfsemi leikskólans. Í Heiðarborg erum við svo óendanlega heppin að búa yfir Mannauði sem ekki verður metinn til fjár. Áhugi og eldmóður starfsfólksins, hugsjón þeirra og ástríða fyrir starfinu með börnunum verður ekki hamin með einhverju álagi og náttúruhamförum. Verkefni vetrarins voru að venju skemmtileg, fastir liðir eins og venjulega voru til staðar, ásamt ýmsum nýjungum. Áfram var haldið eins og frá var horfið að bjóða börnunum upp á verkefni sem þau gætu gert sjálf eins og kom fram hjá þeim í endurmati síðasta árs. Starfsfólkið var upptekið af því að umhverfið væri „þriðji kennarinn“. Vísindastarf jókst, börnin voru mjög upptekin af himintunglum og gosið í Geldingadöllum varð viðfangsefni. Börnin bjuggu til eldgos á margvíslegan hátt til dæmis úr eggjabökkum og fjall sem spýtti hrauni í tilraunum.

Í Heiðarborg höfum við til margra ára tekið fyrir fjölmennningarverkefnið „Fljúgandi teppi“, þetta árið voru starfsmenn einnar deildarinnar ekki búnir að fá nóg eftir vikuna sem tileinkuð hafði verið þessu verkefni og héldu áfram með markvissa vinnu með fjölmenninguna. Fleiri lönd voru tekin fyrir en lagt hafi verið upp með og í sumarskólanum var útbúið útibíó þar sem aðgöngumiðinn var að gera ýmsar æfingar. Í útibíóinu var sýnd ítölsk mynd með ítölsku tali, börnunum fannst þetta mjög



skemmtilegt og vegna áhuga þeirra voru nokkrar sýningar þennan dag. Ákveðið hefur verið að gefa verkefninu „Fljúgandi teppi“ rýmri tíma á komandi skólaári til að auka fjölbreytni og dýpka vinnuna með hina ólíku menningarheima. Einnig langar okkur til þess að virkja aftur foreldra í þessu verkefni en COVID-19 hefur sett strik í reikninginn síðustu tvö starfsárin hvað það varðar. Á komandi ári langar okkur til þess að kenna

börnunum lög frá fleiri löndum. Í vor útbjuggum við stöðvar á leikskólalóðinni og buðum upp á „leikskólahreysti“. Börnunum fannst þetta einstaklega skemmtilegt og í endurmati elstu barnanna kom fram ósk um útflæði svo ákveðið hefur verið að hafa svona stöðvar nokkrum sinnum á ári.

Haustið 2020 var öllu starfsfólki boðið upp á *Tákn með tali* námskeið og síðasta vetur jókst markviss vinna með TMT jafnt og þétt. Við ætlum að halda þeirri vinnu áfram á komandi skólaári og m.a. ætlum við að gefa öllum börnum og starfsmönnum tákn. Blær kom einnig til okkar síðastliðið haust en hann tilheyrir vináttuverkefni Barnheilla (nánar er hægt að lesa um verkefnið á <https://www.barnaheill.is/is/forvarnir/vinatta>). Í júní héldum við upp á afmæli Blæs en eftirleiðis munum við hafa það 1. júní, sama dag og leikskólinn á afmæli. Á Sumarhátíð leikskólans sem var haldin 16. júní með hefðbundnum hætti, gátum við loksins boðið foreldrum og systkinum að koma og gleðjast með okkur, í fyrsta skiptið á þessu ári vegna COVID-19.

Síðastliðinn vetur unnum við að innleiðingu nýrrar menntastefnu og höldum að sjálfsögðu ótrauð áfram en síðasta vetur tókum við fyrir *Heilbrigði og vellíðan* með áherslu á geðrækt og í vetur ætlum við að taka fyrir *Sköpun*. Við ætlum að fá fræðslu um Lausnahringinn, sem er verkfæri sem smíðað er af Arnrúnu Magnúsdóttur ásamt börnum á deild elstu barna í leikskólanum Brákarborg. Lausnahringurinn byggir á samskiptareglum sem við notum í lífinu og teljum við að hann styðji vel við Vöndu verkefnið sem við höfum unnið markvisst með undanfarin ár. Við ætlum einnig að fá fyrirlesara um sköpun sem verður áhersluþáttur okkar í innleiðingu nýrrar menntastefnu þennan veturinn. Sérstaklega viljum við einblína á að lögð sé áhersla á ferlið en ekki afurðina.

Arndís Árnadóttir, leikskólastjóri



Matsáætlun skólaársins 2021 – 2022

Mat á starfi leikskólans er ætlað að stuðla að umbótum og auknum gæðum. Matið tekur mið af markmiðum og gildum úr aðalnámsskrá leikskóla 2011.

Mats- þáttur	Markmið	Matstæki	Viðmið	Þátttakendur	Hvenær
Stjórnun	- Að greina tækifæri til umbóta - Að bæta stjórnunarhætti - Að tryggja faglegt samstarf - Að samræma vinnubrögð	Endurmatslisti (Lýðræði og mannréttindi)	Að starfshættir séu í sífelldri endurskoðun og tækifæri til umbóta nýtt.	Starfsfólk og stjórnendateymi	Nóv/Des
		Starfsþróunarsamtöl	Að 85% starfsfólks setji sér markmið til að efla sig í starfi	Stjórnendur	Veturinn 2021-2022
		Gátlisti Landverndar gátlisti f. Græn skref	Að við uppfyllum kröfur Grænfánans og fáum hann að nýju	Starfsfólk Börn Stjórnendur	Mars/Apríl
Uppeldis- og menntastarf	- Að tryggja að unnið sé markvisst með allar greindir - Að tryggja starf sem eflir gagnrýna hugsun og þroska barnanna - Tryggja að vinnubrögð einkennist af jafnrétti fyrir alla hópa - Tryggja að unnið sé eftir aðalnámsskrá - Tryggja að lagður sé grunnur að menntun til sjálfbærni	Endurmatslisti	- Að unnið sé eftir stefnu leikskólans - Að farið sé eftir starfsáætlun	Starfsfólk og stjórnendateymi	Maí
		Viðhorfskönnun barna	Að börnin finni að þau geti haft áhrif á eigið nám og starf	Elstu börn leikskólans	Veturinn 2021-2022
		Gátlisti deildarfunda (Leikur og nám)	Að 80% svörun sé jákvæð	Starfsfólk	Apríl
		ECERS (Leikur og viðfangsefni)	Að 80% svörun sé jákvæð	Starfsfólk	September
		Tengslakönnun	Að öll börn eigi a.m.k. einn vin	Börn í þremur elstu árgöngum	Okt/Mars
		Hljóm-2 EFI-2	Samkvæmt viðmiðum Hljóm-2 og EFI-2	Deildarstjórar og sérkennarar	Okt/Mars
		Einstaklingsnámskrár	Að 90% barnanna hafi náð framförum í átt að markmiðum vetrarins	Deildarstjórar	Okt/Mars



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

Innra mat er samofið starfi leikskólans og leiðir oft til tafarlausra umbóta. Stundum þurfa umbætur umhugsun og skipulagningu en þá er gerð áætlun um aðgerðir til að gera betur á næsta ári. Því verður ekki neitað að ytri aðstæður höfðu mikil áhrif á leikskólastarfið á liðnum vetri og litast niðurstöður matsins af því. Margt af því sem kemur ekki nægilega vel út úr mati vetrarins getur talist fullkomlega eðlilegt í ljósi aðstæðna og því erfitt að ætla að bregðast sérstaklega við þegar forsendur verða vonandi allt aðrar á næsta starfsári. Ekki þarf að undra að foreldrar upplifi að þeir hafi ekki tekið mikinn þátt í leikskólastarfinu eða haft minni samskipti við starfsfólk þegar stærsta hluta vetrarins fengu þeir ekki að koma inn í húsið. Upplifun starfsfólks á álagi er ekki undarleg miðað við allt það rót og þær tíðu breytingar sem einkenndu starfsárið. Ekki bara vegna Covid-19 heldur líka vegna framkvæmda á deildum og breytinga á vinnutímafyrirkomulagi vegna styttingar vinnuvikunnar sem krefjast að sjálfsögðu mikillar aðlögunar.



Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Félagslegur aðbúnaður starfsfólks	Gátlisti á deildarfundi	Starfsfólk allra deilda	Í maí 2021 telur starfsfólk sig fá umbun fyrir vel unnin störf, að hæfni þeirra nýtist í starfi, að samskipti á milli starfsfólks séu góð sem og samskipti við stjórnendur. Aftur á móti er salernisaðstöðu starfsfólks ábótavant sem og aðstöðu í undirbúningsherbergi og kaffistofu.
Skólanáms skrá – Sköpun og menning	Endurmatslisti	Starfsfólk allra deilda	Starf vetrarins gekk mjög vel miðað við allar aðstæður og flest af því sem kemur fram í skólanámskrá hefur staðist. Eitthvað féll niður vegna aðstæðna. Gaman væri að vinna enn meira með menningu ólíkra landa og var starfsfólkið með ýmsar hugmyndir því tengdar.
Vinna með stefnu og markmið leikskólans	Endurmatslisti	Starfsfólk allra deilda	Starfsfólk er að vinna eftir stefnu og markmiðum leikskólans og getur nefnt dæmi um þá vinnu. Covid hefur þó gert okkur erfiðara varðandi að vinna markvisst með stefnuna.
Samskipti starfsfólks við börn	Gátlisti á deildarfundi	Starfsfólk allra deilda	Starfsfólk á jákvæð og uppbyggileg samskipti við börnin og leggur áherslu á að grípa hvert tækifæri til að mynda gæðastundir. Því miður telur starfsfólk að oft sé lítið svigrúm til að taka þátt í leik barnanna.
Innra mat leikskólans	Umræður á stjórnendafundi	Stjórnendur	Innra mat leikskólans er samofið starfinu og leiðir til umbóta sem starfsfólk og börn eru meðvituð um. Innra matið er þó að nokkru leiti svolítið íþyngjandi þar sem tímaáætlun matsáætlunar stóðst ekki alltaf og verkefni hlóðust upp. Bæta mætti upplýsingarflæði til foreldra um niðurstöður innra mats og umbætur sem þær leiða til.
Stytting vinnu vikunnar	Spurningakönnun	Allt starfsfólk	Starfsfólk var almennt ánægt með að fá þennan tíma til að sinna persónulegum erindum. Einhverjir upplifa sektarkennd við það að fara snemma, sérstaklega ef það er mannekla í húsi. Þó kom fram að um aukið álag væri að ræða.
Ný Mennta stefna – Geðheilsa	Endurmatslisti	Starfsfólk allra deilda	Starfsfólk er almennt ánægt með þær aðgerðir sem snéru að starfsmannahópnum. Betri vinnuaðstaða að loknum framkvæmdum hafa haft mjög góð áhrif og starfsfólk telur að þetta skili sér til barnanna. Starfsfólk ánægt með vinnu með Blæ, umræður um vináttu og tilfinningar. Börnin læri bæði að setja mörk og sýna samkennd. Vinna mætti þó vera markvissari með Blæ og TMT.
Innra starf leikskólans	Endurmat í umræðuhóp	Elstu börn leikskólans	Börnunum fannst gaman í flæði og vildu hafa það að mestu óbreytt, þó komu þau með þá hugmynd að það væri gaman að fá að bjóða gestum í heimsókn í flæði. Einnig datt þeim í hug að hægt væri að bjóða upp á útflæði. Börnin höfðu mjög gaman af dansinum og höfðu helst hugmyndir um að hafa oftari ákveðna dansa í dansinum. Börnin nutu samstarfsins við Myndlistaskólann og rútuferðanna.



Ytra mat

Í ár sendi Skóla- og frístundasvið út bæði starfsmannakönnun og foreldrakönnun en helstu niðurstöður má sjá í töflu hér fyrir neðan. Eins og áður hefur komið fram litast matið nokkuð af ytri aðstæðum og margt af því sem hefði betur mátt fara þegar könnunin var send út gæti hafa gerbreyst á stuttum tíma. Í það minnsta mældist starfsánægja ekki nægilega vel í starfsmannakönnun sem send var út í mars 2021. Í innra mati leikskólans á félagslegum aðbúnaði starfsfólks sem fór fram í maí sama ár var niðurstaðan þó allt önnur, en þá greinir starfsfólkið frá mun meiri ánægju og vellíðan í starfi heldur en hafði mælt aðeins tveimur mánuðum fyrr.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Hæfir og áhugasamir starfsmenn	Starfsmannakönnun SFS	Allt starfsfólk leikskólans	Starfsfólk hefur haft tækifæri til að sækja fræðslu og námskeið og telja hana nýttast í starfi. Þekking hefur aukist á stefnu og markmiðum leikskólans. Því miður hefur dregið úr því að starfsfólk sé stolt af vinnustað sínum og starfsfólk telur jafnframt að dregið hafi úr jafnræði.
Árangursríkir stjórnunar hættir	Starfsmannakönnun SFS	Allt starfsfólk leikskólans	Starfsfólk telur að mjög vel hafi verið tekið á móti nýliðum. Upplýsingaflæði mætti vera betra þó starfsfólk telji sig hafa greiðan aðgang af upplýsingum ef það ber sig eftir þeim.
Starfsánægja	Starfsmannakönnun SFS	Allt starfsfólk leikskólans	Starfsfólki leið ekki eins vel í mars 2021 og það gerði í fyrra. Dregið hafði úr starfsanda í mars þegar könnunin var gerð. Starfsfólk upplifði einnig minna samstarf.
Hvetjandi og jákvætt starfs umhverfi	Starfsmannakönnun SFS	Allt starfsfólk leikskólans	Starfsfólk upplifir að það fái stuðning og hvatningu frá yfirmanni og að það hafi aðgang að nauðsynlegum gögnum. Starfsfólk upplifði minni sveigjanleika í starfi en það gerði í fyrra, taldi sig hafa sjaldnar fengið hrós og hafa minni sveigjanleika til að sýna frumkvæði í starfi.
Öryggi barns í leikskólanum	Foreldrakönnun SFS	Foreldrar	Foreldrar telja barnið sitt öruggt í leikskólanum, að aðbúnaður barna í sé góður.
Stjórnun leikskólans	Foreldrakönnun SFS	Foreldrar	Dregið hefur úr þekkingu foreldra á stefnu og markmiðum leikskólans. Foreldrum finnst minna leitað til sín eftir hugmyndum og ábendingum varðandi leikskólastarfið og finnst upplýsingaflæði minna en í fyrra. Foreldrar telja sig ekki eins meðvitaða um framfarir barnsins síns og fá ekki nægilega greinagóð svör við spurningum varðandi leikskólastarfið.
Andrúmsloft leikskólans	Foreldrakönnun SFS	Foreldrar	Foreldrar upplifa gott viðmót frá starfsfólki og vingjarnlegt andrúmsloft í leikskólanum.
Líðan barns í leikskólanum	Foreldrakönnun SFS	Foreldrar	Að mati foreldra þekkir starfsfólk þarfir barnanna og styður þau í leikskólastarfinu. Þeir telja börnin hafa aðgang að skapandi efnivið og hafa tækifæri til sköpunar.



Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Endurmat	Viðmið um árangur
Stjórnun					
Jafnræði og lýðræðislegar ákvarðanir	Að tekið sé mark á hugmyndum allra, óháð aldri og reynslu	Leita markvist eftir nýjum hugmyndum og velja einhverjar af þeim til að framkvæma. Gera alltaf eitthvað nýtt. Að hlusta með opnum huga og meta allar hugmyndir.	Stjórnendur	Mars 2022	Að starfsfólk upplifi að tekið sé mark á hugmyndum allra óháð aldri og reynslu
Stefna og gildi leikskólans	Að auka meðvitund foreldra um stefnu og gildi leikskólans	Breyta orðalagi í einstaklings námskrá og orðavali í foreldraviðtölum þegar rætt er um styrkleika og veikleika barna ásamt annarri virkni.	Stjórnendur	Nóvember 2021	Að einstaklingsnámskrá hafi verið uppfærð
Uppeldis- og menntastarf					
Vinnuaðstaða	Að bæta salernisaðstöðu starfsfólks, undirbúningsaðstöðu og hljóðvist í fataklefa og á Laut	Endurbætur á húsnaði halda áfram á næsta skólaári. Meðal þess sem á að laga þá er einmitt salernisaðstaða starfsfólks, undirbúnings aðstaða og kaffistofa ásamt Laut og fataklefa barnanna.	Leikskólastjóri	Maí 2022	Að 85% starfsfólks upplifi betri vinnuaðstöðu.
Menntastefna	Að efla sjálfsmynd barnanna í gegnum sköpun	Sköpun í flæði og leik barnanna. Auka notkun einingakubba	Stjórnendur	Nóv 2021/ Maí 2022	Að starfsfólk upplifi að sköpun í starfi með börnunum hafi aukist
Fjölmennning	- Að kynna menningu ólíkra landa fyrir börnunum svo þau fái að upplifa eitthvað nýtt sjálf. - Að bæta móttöku barna af erlendum uppruna	- Að gefa meira rými á vorönn svo hægt sé að dýpka vinnu með hvert land sem tekið er fyrir. - Að festa vinnuferli vegna móttöku nýrra barna af erlendum uppruna í sessi	Stjórnendur	Vor 2022	Að starfsfólk telji sig hafa nægjanlegt svigrúm fyrir fjölbreyttari verkefni og skapandi hugmyndir í vinnu með menningu ólíkra landa



Mannauður					
Starfsánægja	Að rækta enn betri starfsanda og auka ánægju og áhuga starfsfólks í vinnu	Að gera eitthvað saman utan vinnu	Stjórnendur	Starfsmannakönnun SFS 2022	Að starfsánægja hafi aukist
Leikskólabragur					
Leitað eftir ábendingum frá foreldrum	Að foreldrar upplifi að þeir geti haft meiri áhrif á leikskólastarfið	Auglýst verður eftir hugmyndum og tillögum foreldra um útfærslur og verkefni. Sem dæmi má nefna að foreldrar gætu haft hugmyndir um það hvaða lönd verður unnið með í fjölmenningsþema, verkefni sumarskóla o.s.frv. Auglýsa má t.d. í fréttabréfum og vikupóstum og þeir beðnir um að koma tillögum til skila (í tölvupósti eða tillögu kassa).	Stjórnendateymi	Foreldrakönnun SFS 2022	Að foreldrar upplifi í auknum mæli að þeir hafi áhrif á leikskólastarfið
Mat á framförum barna	Að foreldrar taki virkari þátt í mati á framförum barns	Að senda foreldrum í aðdraganda foreldraviðtala síðustu einstaklingsnámskrá barns þeirra og þeir beðnir um að ígrunda hvernig gengið hefur að ná markmiðum hennar.	Deildarstjórar	Foreldrakönnun SFS 2022	Að foreldrar upplifi í auknum mæli að þeir taki þátt í mati á framförum barnsins þeirra
Innra mat					
Að fylgja matsáætlun	Að innra mat dreifist jafnar yfir veturinn	Að mat fari fram þegar það hefur verið áætlað. Setja það inn í dagatal starfsmanna.	Stjórnendur	Nóvember 2021 og maí 2022	Að matsáætlun hafi staðist.



3 Innra mat deilda

3.1 Laut

Starfsveturinn 2020 til 2021 einkenndist eins og fyrri vetur af Covid bylgjunni sem hafði áhrif á skipulag og starf deildarinnar.

Miklar framkvæmdir voru í húsi í haust og Laut fór í salinn meðan á þeim stóð til að lána yngri börnum deildina á meðan. Veran í salnum gekk stóráfallalaust fyrir sig og virtust börnin aðlagast breytingunum nokkuð vel, sérstaklega eftir að börnin skiptust á að vera heima þ.e. einungis þrjár deildir voru í húsi í einu. Var annað ekki hægt enda var Covid bylgja á fullu á þessum tíma og þá erfiðara að viðhafa góðar sóttvarnir að óbreyttu. Enn á þó eftir að gera Laut upp og verður það vonandi gert fljótlega.

Sjónrænt skipulag er mikið notað á Laut. Myndræn stundaskrá dagsins er upp á vegg og í morgunsamveru er stuðst við myndir til að segja börnum frá veðri, klæðnaði, hvaða dagur er og hvaða hlutverk börnin eiga hvern dag. Á Laut hafa nú verið settar myndrænar félagsfærisögur á vegg sem börnin geta skoðað ef þau þurfa á að halda. Börnin nota ljósmyndir til að velja sér leiksvæði svo sýnilegt er hvenær leiksvæði er fullt og ekki pláss fyrir fleiri börn.

Tákn með tali. Við erum byrjuð með innlögn á tákn með tali í leikskólanum og líka á Laut. Það gengur nokkuð vel. Börnin velja lög af myndaspjaldi sem við syngjum og notum tákn með. Við notum tákn þegar við erum að tala um matinn og dagana, mánuðina og árstíðirnar. Við erum líka byrjuð að nota táknin um algeng orð í leikheimi barnsins. Við ætlum að gefa hverju barni tákn á haustönninni.

Persónubróður, Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna, Lubbi finnur málbein og vináttuverkefnið Blær. Öll þessi námsefni eru notuð á Laut og hefur gengið vel. Persónubróðurnar koma einu sinni í mánuði á deildina til að fjalla um mál tengd Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Námsefnið um Lubba hefur verið notað í allan vetur og gengið vel. Vináttuverkefnið Blær er í innleiðingu og eru börnin ánægð með það en við ætlum að vinna það enn markvissar í haust.

Grænfáni og umhverfismennt, matarsóun. Elstu börnin hafa verið á umhverfisnefndarfundum í hverjum mánuði. Þar hafa þau fengið fræðslu og hlutverk til að sinna hvað varðar umhverfi sitt. Það hefur gengið vel, þó mætti vinna betur verkefni tengt fræðslunni sem þau fá. Tvisvar í vetur var matarsóunarvika þar sem lögð var áhersla á að fara vel með mat og henda ekki að óþörfu.

Leikurinn og þriðji kennarinn. Við erum að leggja áherslu á umhverfið sem þriðja kennarann, við stillum leikefni upp á uppbyggilegan og aðlaðandi hátt bæði inni og úti í sumarskólanum. Við reynum

að hafa leikefniviðinn fjölbreyttan og jafnvel blanda saman leikefnum til að ná þróun og sem mestri innlifun í leikinn. Barna skipta einkunnarorð leikskólans mjög miklu svo að vel fari.

Íþróttir. Börnin á Laut hafa farið í skipulagðar íþróttastundir á flæði tíma. Nú erum við byrjuð að gera tilraun með leikskólahreystidaga úti við í góðu veðri, það gekk vel og lofar góðu um framhaldið.

Flæði: Vísindi, listir og orðaleikir. Í Flæði hefur Laut séð um vísindi og listir ásamt orðaleikjum. Það hefur gengið alveg frábærlega vel og verið vinsælt hjá börnunum. Þau fá að vera frjáls í tilraunum og sköpun eins og í orðaleikjunum sem fara fram í gegnum leikinn. Aðaláhersla kennarans er að skapa rétt umhverfi/fjölbreytt verkefni.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Endurmat	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
	Efla vináttu og umburðarlyndi barna Sjálfsstyrking Félagsfærniþjálfun	Skipulagðar stundir með námssefninu um Blæ.	Kennarar á Laut	Verkefnið byrji í september 2021	Endurmat á deildarfundi skráð á sérútbúið skráningarblað	• Voru stundirnar unnar? • Tileinka börnin sér efnið?
	Börn og starfsfólk nýti sér tákni með tali sem hjálparkæki í samskiptum sín á milli.	Leggja inn orð og tákn. Syngja lög með táknum. Nota tákni með tali í daglegu lífi. Auka táknorðaforða barna. Hvert barn og kennari fái sitt eigið nafnatákni.	Deildastjóri og kennarar deildar.	Byrjar um 22. ágúst með að gefa börnum nafnatákni.	Endurmat haustannar á deildarfundi.	Eiga allir sér tákn. kunna allir sitt tákn. Eru allir að nota tákni þó það sé mismunandi mikið.
	Að barn upplifi að því sé veitt athygli Að barn fái gæðatíma með starfsmanni. Að barn fái að njóta sín sem einstakt. Að barn fái örvun og aðstoð eftir þörfum.	„Gefðu 10“. Gæta þess að öll börn fái sína stund.	Allir kennarar.	Einu sinni í mánuði. Mikilvægt að skoða hvort öllum börnum sé sinnt.	Skrá á þar til gert eyðublað hvaða barni starfsmaður sinni.	Að öllum börnum sé sinnt. Annars þarf útbætur sem eru ræddar á næsta deildarfundi.
	Að efla enn frekar vitund barna um umhverfið og umhverfismennt.	Vinna verkefni tengd fræðslu um umhverfismennt. Skráning á vinnunni í máli og myndum. Sett í ferilmöppu barns.	Aðstoðarleikskólastj. og umhverfisnefndar fulltrúi deildarinnar.	Fyrir lok haust annar og lok vorannar.	Endurmat á deildarfundi	Að verkefnin séu sýnileg eða skráð og sett upp t.d. á grænfána töflu í anddyri leikskólans og eða í ferilmöppu barns.

3.2 Bali

Starfsveturinn er búinn að vera frekar óvenjulegur. Miklar framkvæmdir voru hjá okkur í haust, urðum við að flakka á milli deilda og nota salinn. Ótrúlegt hvað börnin voru dugleg að aðlagast. Það var svo mikil hátíð að geta flutt inn á Bala og allt nýtt. Ný húsgögn, hiti í gólf, góð hljóðvist og miklu betra skipulag 😊 Við höfum þurft að breyta skipulagi á starfinu nokkrum sinnum en við erum orðin sérfræðingar í að hagræða starfinu. Í heildina erum við bara sátt hvernig hefur tekist hjá okkur, þýðir ekkert annað en að vera jákvæður. 😊 Höfum verið með Covid þrifaplan sem rúllar á milli deilda, og við tökum alltaf okkar deild tvisvar á dag. Við erum einnig búin að útbúa þrifalista fyrir leikföng og húsbúnað. Reyndum að hafa alltaf skólastundir, það þarf að athuga tímasetningu á haustönn, þar sem þær féllu stundum niður, en börnin náðu að klára öll verkefni. Þema yfir árið gekk mjög vel, flæði gekk vel þegar við gátum haft það en það datt stundum út vegna Covid. Fljúgandi teppi var með breyttu sniði á þessu ári við ákváðum að hafa bara eina viku og hafa það inn á deild. Það komu tvö bréf frá Ítalíu og Póllandi. Við ræddum um ýmsa menningarheima, ólík tungumál, þjóðfána o.fl. Því miður féllu margar uppákomur og ferðir niður í vetur vegna samkomubannsins.

Uppeldis- og menntastarf: Persónubróðurnar komu einu sinni í mánuði í heimsókn til að fjalla um mál tengd „Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna“. Byrjuðum á „vináttuverkefninu Blær“ eftir áramót það gekk vel með Skýja- og Stjörnuhóp en datt niður með Regnbogahóp. Ætlum að endurmeta skipulagið betur núna í haust. Námsfnið „Lubbi finnur málbein“ náðum við að halda áætlan og allt gekk vel. 😊 Við erum byrjuð að leggja inn „Tákn með tali“ í leikskólanum, það gengur nokkuð vel. Börnin velja lög af myndaspjaldi sem við syngjum og notum tákn með. Við notum tákn þegar við erum að tala um matinn, dagana, mánuðina og árstíðirnar. Við ætlum að gefa hverju barni tákn á haustönninni. Málörvun er sinnt í öllu starfi með börnum deildarinnar og fór vel af stað bæði fyrir Regnbogahóp tengt Hljóm-2 og fyrir yngri börnin tengt niðurstöðum úr EFI. Þeim er skipt í málörvunarhópa hjá sérkennslustjóra. Nokkur börn fengu viðtal við talmeinafræðing þjónustumiðstöðvar og ýmis úrræði í kjölfar þess. Við vorum meðvituð um mikilvægi þess að tala við þau börn sem þurfa málörvun á hverjum degi en hefðum viljað tileinka okkur betur verkefnið „Gefðu 10“. Við viljum vinna það markvisst sem hluta af málörvun, hvort heldur sem er með tvítyngdu börnunum eða þeim sem þurfa á sérstakri málörvun að halda.

Félagsfærni, samskipti, agastefna: Við ræðum mikið við börnin, reynum að láta þau leysa ágreining, setja sig í spor annarra og taka lýðræðislegar ákvarðanir hvenær sem færi gefst. Börnin eru líka látin meta hluta starfsins og koma með óskir um breytingar. Verkefni Vöndu Sigurgeirsdóttur nýttist vel í starfinu og það var hjálplegt að fara saman yfir barnahópin og greina félagslega stöðu þeirra.

Verkfærið var tekið fyrir á deildarfundum og niðurstöðum úr tengslakönnun sem var framkvæmd tvisvar í vetur og voru öll börn nefnd í könnuninni. 😊 Við erum meðvituð um mikilvægi þess að allir eigi vin í leikskólanum. Við munum halda áfram að nýta okkur verkfæri Vöndu næsta vetur og fylla út listann einu sinni hvora önn. Við erum alltaf að æfa okkur að tileinka okkur agastefnu leikskólans og erum við að tileinka okkur PMTO aðferðir smám saman.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Endurmat	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
 FÉLAGSFÆRNI Samfélagsleg ábyrgð og virkni	Að efla og innleiða Blæ fyrir nýju börnin	<i>Skipuleggja Blæ stundir</i>	Allir starfsmenn deildarinnar	Desember 2021 og maí 2022	Á deildarfundum	Að börnin tileinki sér námsefnið
	Börn læri að leysa ágreining sín á milli. Eigi góð samskipti. Taki vel leiðsögn.	Starfsmenn hvetji börn til umræðna um lausnir. Vinna að fyrirbyggjandi lausnum.	Deildarstjóri og allir starfsmenn deildarinnar.	September 2021, janúar og maí 2022	Á deildarfundum	Að börnin beri virðingu fyrir hvert öðru. Vináttu og friður
 SJÁLFSÆFLING Sterk sjálfsmynd og trú á eigin getu	Tákn með tali: Tákn fyrir börn og starfsfólk	<i>Skipuleggja tákn vikunnar markvisst</i>	Allir starfsmenn deildarinnar	Desember 2021 og maí 2022	Á deildarfundum	Að börn og starfsfólk tileinki sér að nota táknin
Skipulag náms og námsaðstæður	Finna betri tímasetningu fyrir skólastundir	Skipuleggja dagskipulag	Deildarstjóri	Desember 2021 og maí 2022	Á deildarfundum	Að tímasetning falli vel að skipulagi



3.3 Lundur

Síðasti vetur var frekar óvenjulegur og að nokkru leiti erfiður, framkvæmdir voru gerðar á nánast öllum deildum og Covid-19 hélt áfram að trufla starfsemi. Við byrjuðum árið á gamla Lundi sem er núna ungubarnadeild, fluttum síðan á Laut sem við fengum lánaða í smá tíma og endanlega fórum við á nýja Lund, þar sem okkur beið glæsileg uppgerð deild, með hita í gólfi, betri hljóðvist og nýjum húsgögnum. Þetta var samt tækifæri fyrir okkur til að upplifa getu barnanna til að aðlagast nýjum aðstæðum og til að gera okkur grein fyrir okkar eigin getu til að móta starfsemi samkvæmt vinnuástandi. Þrátt fyrir allt náðum við að gera flest af því sem við ætluðum okkur og meira en það. Starfsfólk á deildinni var mjög ákaft og athafnasamt, allir unnu að nýjum og örvandi verkefnum og hjálpuðust að við rekstur deildarinnar.

Velferð og líðan barna: Barnahópurinn var almennt góður en frekar krefjandi. Þótt að krakkarnir hafi brugðist vel við aðstæðunum sem röskuðu leikskólastarfinu, áttuðum við okkur á því hvað það er erfitt fyrir lítil börn að upplifa stanslausar breytingar og að geta ekki treyst á fast skipulag. Á þessu tímabili var mikil streita meðal barna sem og starfsmanna sem leiddi til erfiðrar hegðunar hjá nú þegar viðkvæmum einstaklingum. Í desember varð deildin okkar tilbúin og þá gátum við farið að skipuleggja betur starfið okkar. Það að eignast ný húsgögn gaf okkur tækifæri til að hanna nýtt umhverfi sem myndi vera bæði skemmtilegt og örvandi, gæti boðið uppá fleiri möguleika til að þróa flotta leiki og skipt rýminu í afmörkuð svæði til að auka úthald. Við sáum mikinn mun á barnahópnum eftir þetta og er hann nú bæði mjög flottur og samhentur.

Samskipti: Fyrirlestur Vöndu Sigurgeirs nýttist vel í að greina samskipti í barnahópnum í haust svo að við vorum vel meðvituð um þau börn sem þyrfti að fylgjast vel með ásamt þeim sem væru í áhættuhópi. Við munum halda áfram að greina samskipti barnahópsins eftir verkfærum Vöndu næsta haust, við höfum öðlast reynslu á því á þessu ári hversu mikilvægt það er að grípa snemma inn í ef börn eru talin vera í áhættuhópi.

Í haust hefur leikskólinn líka innleitt vináttuverkefnið „Blær“, sem felst í því að fyrirbyggja einelti og efla sjálfstraust barna. Það hefur gengið ágætlega að tileinka okkur efnið, við byrjuðum á því að hafa Blæ stund og æfa lögin, við höfðum reglulega



umræðustundir þar sem skoðuð voru spjöld sem sýndu allskonar aðstæður eða tilfinningar sem börnin þurfa að glíma við; einnig byrjuðum við hægt og rólega að hafa fyrstu nuddstundirnar með Blæ. Nuddið er leið til að skapa jákvæð tengsl á milli barnanna og gengur út frá því að börn leggi ekki þann í einelti sem þau fá að snerta á jákvæðan hátt. Nuddið getur líka komið í veg fyrir að ágreiningur fái að þróast eða orðið til þess að hann gleymist fljótt. Þótt að verkefnið hafi dottið svolítið út í vor

erum við ánægð með það sem við höfum náð að gera og við viljum stefna á að vera með betra skipulag á næsta ári svo að það verði fastur punktur í okkar starfi og eðlilegur þáttur í daglegu lífi deildarinnar.

Verkefnið „Gefðu 10“ byrjaði vel eftir að farið var yfir það á deildarfundi í haust. Útbúinn var listi yfir barnahópin sem var skipt niður á starfsfólk deildarinnar. Þar bar hver starfsmaður ábyrgð á að gefa fimm börnum athygli yfir daginn í formi samskipta, leikja eða annars og var hann með mismunandi börn á hverjum degi vikunnar. Þegar leið á veturinn þótti það miserfitt að fara eftir listanum og kom það fyrir á álagstímum að hann gleymdist en var þó ætíð rifinn aftur fram í dagsljósið þegar meira jafnvægi skapaðist.

Málörvun: Mikil áhersla er lögð á það að málörvun sé sinnt í daglegu starfi deildarinnar. Markmið hefur verið hjá okkur að krakkarnir tileinki sér kunnáttu yfir helstu þætti daglegs lífs, hlustað var á langar og flóknar sögur, rætt var um allskonar málefni eftir því hvaða þema var verið að skoða og þar sem krakkarnir höfðu tækifæri til að taka sjálfstæðar og lýðræðislegar ákvarðanir t.d. í sambandi við hvað matarborðin þeirra ættu að heita.

Starfsfólkið fékk námskeið í „*Tákni með tali*“ í vetur. Við á Lundi höfðum óskað eftir að fá fræðslu í sambandi við þetta tjáningarform sem okkur finnst svo mikilvægt til að geta hjálpað þeim krökkum sem eru með mál- og talörðugleika eða fyrir krakka sem eru með annað móðurmál en íslensku. Þótt við höfðum áður verið frekar dugleg á deildinni að nota þau tákn sem við þekktum og höfðum lært af öðrum starfsmönnum, erum við ákveðin í að gera betur og taka þetta alla leið. Við erum búin að setja okkur það markmið að læra alltaf nýtt tákn í hverri viku, sem verður þá tákn vikunnar og erum að vonast til þess að allir geti haft sitt eigið tákn á næsta ári.

Flæði: Við lögðum mjög mikla áherslu á flæði í ár. Flæði er ástand einstaklings þar sem hann finnur fyrir það miklum áhuga og ánægju af því sem hann færst við að fátt annað kemst að. Covid gerði það að verkum að ekki hefur verið hægt að flæða á milli deilda og Lundur er einnig yngri barnahópur og fær þess vegna ekki að taka þátt í flæði ásamt Laut og Bala. Samt sem áður vorum við starfsfólkið mjög ákveðin í að taka þetta á deildinni. Það er okkur ljóst að börnin eigi að fá tækifæri til að nýta styrkleika sína og efla sjálfsmynd og flæðið er það sem gefur þeim þetta tækifæri. Þess vegna hefur verið skipulagt innandeildar flæði sem hafði mjög góð áhrif á leik barnanna og gerði okkur kleift að þróa skemmtileg verkefni. Við unnum með það að leiðarljósi að það er umhverfið sem á að bjóða uppá möguleikana til að þróa leikinn og því skiptir öllu máli hvernig það er hannað. Deildinni var þá skipt niður í þrjú aðalsvæði sem starfsfólkið skiptist á að sjá um og á hverju svæði var sérstakt þema eða efniviður sem hver og einn gat þróað og nýtt sér á mismunandi hátt. Við skipulagningu á efnivið byggjum við að sjálfsgöðu á „Fjölgreindarkenningu Gardners“ til að skipta flæðinu niður í fjórar

aðalgreinar sem eru íslenska, vísindi, list og hreyfing. Við munum halda áfram að vinna með flæðið á næsta ári og gera tilraun til að víkka umhverfið og prófa að taka þátt í flæði eldri krakkanna á vorönn.

Heimamennning/Fjölmenning: Okkur fannst við ekki hafa gert nóg í sambandi við fjölmenningu á Lundi hingað til. Þess vegna ákváðum við að taka okkur góðan tíma í ár til að skipuleggja verkefni og umræður og til að skoða alls konar aðferðir til að þróa efnið. Við nýttum okkur aprílþemað sem er „fuglar og dýr“ til að ræða heimamenningu, enda skoðuðum við dýr og fugla sem finnast hérna á okkar heimaslóðum. Maíþemað var hins vegar „menning og samfélag“ og okkur fannst það fullkomið tækifæri til að einbeita okkur að fjölmenningu. Hver starfsmaður tók að sér að undirbúa land til að kynna fyrir krökkunum. Hvert land var tekið fyrir í eina viku og í þeirri viku voru skoðaðir ýmsir menningarþættir, smakkaður matur, horft á myndbönd og sagðar sögur. Jafnframt skipulögðum við stundir þar sem börnin fengu tækifæri til að upplifa hvernig lífið er öðruvísi í landinu, til að mynda með því að hafa borðhaldið eins og þar. Á næsta ári væri skemmtilegt ef þemað gæti verið í lengri tíma og samvinna á milli deilda meiri. Einnig væri betra ef hver og einn starfsmaður hefði lengri tíma til að undirbúa það land sem hann ætlar að kynna, en í ár þurfti undirbúningurinn að fara fram í talsverðum flýti.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Endurmat	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
	Að efla og innleiða Blæ fyrir nýju börnin	Betra skipulag fyrir vináttu verkefnið „Blær“	Allir starfsmenn deildarinnar	Febrúar 2022	Fara yfir Vöndu listann á deildarfundi	Að starfsfólk upplifi að börnin nýti sér námsefnið í daglegu starfi
	Að auka áhuga og kunnáttu barnanna á mismunandi menningu og hefðum.	Vinna markvisst með fljúgandi teppi og gefa verkefninu góðan tíma.	Allir starfsmenn deildarinnar	Sumar 2022	Meta verkefni og skoða niðurstöður.	Að áhugi barnanna á fjölmenningu aukist
	Að barn fái gæðatíma með starfsmanni Að barn fái að njóta sín sem einstakt.	Taka fyrir verkefnið <i>Gefðu 10</i> og fylgjast með lista yfir barnahópin daglega	Allir starfsmenn deildarinnar	Febrúar 2022	Umræður á deildarfundi	Að í 85% tilfella hafi starfsmaðurinn notað Gefðu 10 daglega
	Vinna markvissari með málörvun inná deild	Vinna markvissara með tákn með tali, skipuleggja tákn vikunnar og gefa hverju barni tákn.	Allir starfsmenn deildarinnar	Febrúar 2022	Umræður á deildarfundi	Að starfsmenn og börn noti tákn með tali markvisst í daglegum athöfnum
	Víkka umhverfi og auka flæðismöguleika.	Gera tilraun til að taka þátt í flæði ásamt eldri deildum eftir áramót.	Allir starfsmenn	Vor 2022	Meta flæði og skoða niðurstöður á stjórnendafundi.	Að börnin fái fleiri tækifæri til að nýta styrkleika sína og efla sjálfsmynd.



3.4 Brekka

Barnahópurinn á Brekku var ákaflega góður og starfsmannahópurinn mjög samheldinn. Fyrri part vetrar vorum við í aðlögun og að kenna börnunum að vera í leikskóla. Listagil áttum við einu sinni í viku þar sem við vorum að skapa og leyfa listamanninum að njóta sín. Aftur kom Covid svo listagilið datt upp fyrir en við færðum sköpunina inn á deild. Þjakkur ferðabangsi fór spenntur af stað með börnunum til að vera með þeim heima en hann var ekki búin að fara oft einungis í tvær heimsóknir, svo var honum pakkað niður aftur.

Uppeldis- og menntastarf: Engilráð kom til okkar nokkrum sinnum og var að fjalla um mál tengd „Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna“. Engilráð fór í veikindaleyfi eftir áramót en ætlar að koma sterk inn eftir sumarleyfi. Eftir áramót ætluðum við að hella okkur í vísindi en þá blossaði Covid upp aftur sem varð til þess að veturinn var búinn áður en við gátum gert mikið af tilraunum, en svona er lífið. Einnig þurftum við að hætta með Lubba og Þjakk en þeir koma vonandi sterkir inn næsta haust. Blær kom til okkar í haust og er mjög vinsæll og góð viðbót í flórana okkar. Búið er að bæta aðstöðu okkar inni á Brekku allt nýtt og vel heppnað.

Málörvun: Lubba stundirnar áttu alltaf sess hjá okkur einu sinni í viku frá því í september. Lubbi var að kenna okkur hvað stafirnir segja og einnig kenndi hann okkur söngva um stafina. Þrátt fyrir ástandið hættum við ekki öllu, við helltum okkur í málörvun með söng og sögum, þjuggum til myndefni við sögur sem við öll kunnum eins og Birnina þrjá, Litla grís og Rauðhettu og úlfinn.

Á vormánuðum fórum við í lestrarátak, lásum fyrir hvert barn allavega einu sinni á dag, ætlum við að innleiða þetta inn á Brekku og stefnum á að gera þetta markvíst fjórum sinnum á ári.

Samskipti: Starfsmenn á deildinni fóru yfir agastefnuna sem við höfum tamið okkur að vinna eftir og munum gera það áfram um ókomna framtíð.

Velferð og líðan barna: Eftir að börnum var fækkað á Brekku þá finnst okkur að þeim líði miklu betur, þau eru rólegri og öruggari.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Endurmat	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
 FÉLAGSFÆRNI Samfélagsleg ábyrgð og virkni	Að efla og innleiða Blæ fyrir nýju börnin	Vera með Blæ stundir 1x í viku	Allir starfsmenn deildarinnar	Nóvember 2021	Á deildarfundi	Að Blæ stundir séu 1x í viku
	Að allir starfsmenn vinni eftir agastefnunni	Fara reglulega yfir agastefnuna, t.d. 1x í mánuði á deildarfundum (skrifa í dagbók)	Allir starfsmenn deildarinnar	Október 2021	Á deildarfundi	Að starfsmenn hafi tamið sér að nota agastefnuna markvisst
 SJÁLFSÆFLING Sterk sjálfsmynd og trú á eigin getu	Lestrar áttak	Les 1 bók fyrir hvert barn einu sinni á dag. Á hverjum degi í 4 vikur	Allir starfsmenn	Febrúar 2022	Á Deildarfundi	Að efla áhuga á lestri bóka, og markvissa málörvun
	Markviss málörvun í daglegu starfi	Starfsmenn taki þátt í málörvun með söng, sögum og lestri bóka. Á hverjum degi 2x á dag	Allir starfsmenn	Nóvember 2021	Á deildarfundi	Að markviss málörvun fari fram á hverjum degi



4 Innra mat sérkennslu

Stefna Reykjavíkurborgar er að öll börn hafi jafnan rétt til þátttöku í öllu starfi leikskólans en ávallt skal miðað við þarfir hvers og eins. Börn með fötlun, frávik í þroska eða aðrar sérþarfir fá sérkennslu.

Er grunur vaknar um slíkar þarfir er haft samband við sérkennslustjóra sem býr til erindi þess efnis sem sent er til skólasviðs þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts. Þjónustumiðstöðin er til ráðgjafar og handleiðslu, ásamt því að sjá um frumgreiningar og vísa til annarra stofnana. Allar framkvæmdir við að meta hvort barn þurfi inngrip eða sértæka þjónustu eru í samráði við foreldra.

Í leikskólanum er það sérkennslustjórinn sem ásamt leikskólastjóra og deildarstjóra er ábyrgur fyrir því að gerðar (gerð eða uppfærð) séu einstaklingsnámsskrár og að þeim sé framfylgt. Í einstaklingsnámsskrá er lögð áhersla á að barnið verði fullgildur meðlimur í leikskólasamfélaginu og allir starfsmenn deildarinnar taki virkan þátt í að ná settum markmiðum. Sérkennslan er í höndum þroskaþjálfara, leikskólasérkennara eða einstaklings með aðra háskólamenntun. Sérkennsla fer fram í öllu starfi leikskólans og í vinnustundum þar sem einstaklingsþjálfun fer fram.

Í dag vinna í Heiðarborg einn þroskaþjálfari, einn leikskólasérkennari og sálfræðimenntaður einstaklingur. Það hefur verið þó nokkuð mikil sérkennsla síðasta ár en í ár útskrifast fjórir úr sérkennslunni. Covid-19 ástandið hefur ekki haft veruleg áhrif á sérkennsluna.

Mat á sérkennslu 2020-2021

Skipulagning sérkennslu 2020-2021 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl.?	Sérkennsla fer fram bæði inni á deild og í vinnustundum. Unnið er eftir hugmyndum um atferlisíhlutun og skráð samkvæmt því.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	Efi-2, Hljóm-2, AEPS og ABLLS-r
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Námsgögn eru bæði aðkeypt og búin til í leikskólanum. Keypt voru m.a. málörvunarspil, skynjunarleikföng og tilfinningaspjöld.



Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir	Viðmið um árangur
	Að starfsfólk þekki áherslur í einstaklingsnám skrá stuðningsbarna	Að sérkennslustjóri sitji deildarfundum a.m.k einu sinni í mánuði	Sérkennslustj./ deildarstjóri viðkomandi deildar	Sept. 2021	Júní 2022	Á deildarfundum	Þegar starfsfólk telur sig meðvitað um þau markmið sem verið er að vinna að með hverju og einu sérkennslubarni
	Innleiða PECS.	Starfsfólk sem vinnur náði með sérkennslubarni fer á námskeið.	Sérkennslustj./ deildarstjóri/ verkefnastjóri	Sept. 2021	Júní 2022	Skráning á lærðum myndum.	Þegar barn er farið að nota boðskiptakerfið PECS og starfsfólk skilur barnið.
	Efla notkun TMT	Að gæta þess að TMT sé notað í daglegur starfi leikskólans.	Sérkennslustj./ sérkennslufólk/ deildarstjóri	Sept. 2021	Júní 2022	Skrá niður lærð tákn sérkennslubarna.	Þegar sérkennslubarnið getur gert sig skiljanlegt með því að nota tákn.
	Að allt starfsfólk noti sjónrænan stuðning.	Sérkennslustjóri sitji deildarfundum a.m.k einu sinni í mánuði.	Sérkennslustj./ Deildarstjóri / verkefnastjóri	Sept. 2021	Júní 2022	Sérkennslustjóri fylgist með á deild.	Þegar barnið notar sjónræna skipulagið markvisst

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Öll börn með íslensku sem annað mál eiga að fá sérstakar málörvunarstundir, ýmist einstaklingslega eða í litlum hópum. Við kennslu á íslensku sem annað tungumál leggjum við áherslu á að hafa allt myndrænt, setja orð á allar athafnir og hluti, nota líkamstjáningu og tákn og leggjum okkur fram við að tala hægt og skýrt. Í málörvunarstundum skiptum við börnunum eftir getu, byrjum á nafnorðum og sögnum, síðan tökum við fyrir lýsingarorð o.s.frv.

Úthlutuðu fjármagni var aðallega ráðstafað í laun vegna málörvunar þeirra barna sem mest þurftu þess með en einnig í einhver kennslugögn.

Aðstoðarleikskólastjóri er skráður tengiliður fjölmennningar og sérkennslustjórinn heldur utan um eftirfylgnina.

Nokkuð mikil röskun hefur orðið á málörvun vegna Covid-19. Á tímabili var ekki hægt að hópa saman börnum af ólíkum deildum né heldur mátti aðilinn sem sér um málörvun fara á milli deilda. Vegna þessa var ákveðið að lengja tímabil málörvunarhópanna út júní.

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Laun stafsmanns sem er með börn í málörvun bæði í hóp og einstaklingsþjálfun.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Já, það er unnið markvist með orðaforða fjöltyngdra barna í málörvunarstundum. Unnið er með <i>Lubbi finnur málbein</i> inni á deild ásamt <i>Gefðu 10</i> . Þá er einnig unnið markvisst með TMT.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Já, það er mikið lesið og sungið í söng- og samverustundum inni á deild. Orð eru lögð á athafnir og notast við myndrænt skipulag ásamt tákni með tali (TMT). Á yngstu deildinni fær hvert barn einstaklingslestur.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Já, gerðar eru einstaklingsáætlanir. Lagt er fyrir börnin Efi-2 og Hljóm-2 til að vita hvar þau eru stödd og hvort þau þurfa að fara í málörvunarahóp eða einstaklingsþjálfun.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Já, það er hugað að öllum þáttum máls og virkni með markvissri málörvun inni á deild.



Umbótaáætlun –fjöltyngi 2021-2022

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið? Hvaða aðferðir?	Viðmið um árangur
	Halda betur utan um fjöltyngd börn og aðstandendur þeirra þegar þau byrja í leikskólanum	- Skráning og eftirfylgd. - Gefðu 10. - Þjóða upp á túlk í aðlöguninni ef þörf er á.	Tengiliður fjölmennningar /deildarstjórar	Sept. 2021	Júní 2022	Deildarstjórar tala við foreldra og fá upplifun þeirra af aðlögun barnsins.	Að upplifun foreldra á aðlöguninni sé jákvæð.
	Efla notkun TMT á öllum deildum.	- Nota tákn í flestum athöfnum. - Börn og kennarar fá sitt eigið tákn. - Hafa tákn vikunnar.	Deildarstjórar	Sept. 2021	Júní 2022	Halda skráningu um tákn sem lögð eru inn.	Þegar starfsfólk upplifir að börnin þekki táknin og geti notað þau til að gera sig skiljanleg.
	Búa til sjónrænt skipulag.	Gera sjónrænt skipulag og kynna fyrir tvítyngda barninu.	Deildarstj. og sérkennslustj.	Sept. 2021	Júní 2022	Umræður á deildarfundum	Þegar starfsfólk upplifir að barnið nýti sér sjónræna skipulagið.

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram á vorönn. Í samtölunum kom m.a. fram að starfsandinn er góður og samvinnan mikil. Heimsfaraldurinn hafði auðvitað áhrif þar sem minna var um samgang milli deilda og starfsmenn hittust síður í kaffistofunni, þreyta jókst og þráðurinn varð styttri en hugur í fólki að komast yfir þetta í sameiningu sömuleiðis varð þreyta vegna annarra ytri þátta svo sem eins og framkvæmda í húsi. Blendnar tilfinningar komu fram varðandi styttingu vinnuvikunnar. Sumir ganga svo langt að segja „Ég elska styttinguna“ en aðrir hefðu viljað hafa lágmarks styttingu vinnutíma þar sem ekki kemur afleysing á móti þeim sem fer heim. Ýmislegt álag fylgdi einnig COVID-19, sérstaklega var nefnt álagið sem fylgdi því að foreldrar mættu ekki koma inn í húsnæði leikskólans. Ábendingar; að allir sinni sérkennslubörnum og skipulögð hreyfing sé utan flæðistíma.

Símenntunaráætlun vetrarins stóðst að mestu þrátt fyrir Covid-19 þó einhver námskeið hafi fallið niður. Starfsfólk sótti fjölda námskeiða og ýmsa fræðslu og endurspeglast það í starfsmannakönnuninni. Námskeið og fræðsla sem starfsfólk sótti á síðasta starfsári má sjá í töflu hér fyrir neðan.

Símenntun frá síðasta ári

Námskeið	Lengd	Hverjir sóttu	Hvenær
PMTÓ	48 klst.	Sérkennslustjóri og sérkennari	Vetur 2020-2021
Vináttuverkefni Barnaheilla (Blær)	3 klst.	Allt starfsfólk	September 2020
Þrautseigja og tilfinningagreind		Allt starfsfólk	September 2020
Íslenski Þroskalistinn	8 klst.	Sérkennslustjóri og sérkennari	September 2020
Lærdómssamfélag sérkennslustjóra	15 klst.	Sérkennslustjóri	Haust 2020
Málörvun fyrir fjöltyngd börn	1 klst.	Aðst.leikskólastj. og sérkennsklustj.	September 2020
En ég var einn. Strákar sem rekast á í skólakerfinu	2 klst.	Leikskólastjóri	Nóvember 2020
Tilfinningavandi barna	2,5 klst.	Allt starfsfólk	Nóvember 2020
Röskun á einhverfurófi		Sérkennari	
TMT	3 klst.	Allt starfsfólk	Janúar 2021
Margbreytileiki einhverfurófsins	3,5 klst.	Sérkennslustjóri	Janúar 2021
Slysavarnir og skyndihjálp	3 klst.	Allt starfsfólk	Febrúar 2021
Lærdómssamfélag leikskólastjóra	3 klst.	Leikskólastjóri	Febrúar 2021
Trúnaðarmannanámskeið		Trúnaðarmaður	Mars 2021
Menntamót		Allir starfsmenn	Maí 2021
Einkenni barna sem eru þolendur ofbeldis	2 klst.	Allir starfsmenn	Mars 2021
Betri svefn – Grunnstoð heilsu		Allir starfsmenn hafa tækifæri til að hlusta	Maí 2021
Dale Carnegie leiðtogaþjálfun	18 klst.	Aðst.leikskólastj.	Vor 2021
Pecs	6 klst	tveir kennarar	vor 2021



Áfram er stefnt að metnaðarfullri starfsþróun og fræðslu á næsta ári. Símenntunaráætlun skólaársins 2021-2022 tekur að sjálfsögðu mið af niðurstöðum innra mats ásamt því að einhver námskeið sem féllu niður síðasta vetur vegna Covid munu verða haldin í vetur.

Símenntunaráætlun skólaársins 2021-2022

Námskeið	Lengd	Hverjir sækja	Hvenær
Lausnahríngurinn	2 klst	Allt starfsfólk	6. sept
Sköpun – Áhersla á ferli frekar en afrakstur	3 klst	Allt starfsfólk	6. sept
Einingakubbar	2 klst	Allt starfsfólk	7. jan
Fjölmennning	2 klst	Allt starfsfólk	7. jan
Reggio Námsferð til Ítalíu	12 kls	Starfsfólk	25-30.maí
Helstu Þroskaraskanir barna	2 klst	Allt starfsfólk	19.nóvember



7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf leikskólans við Selásskóla verður með svipuðum hætti og verið hefur. Samstarf við Selásskóla litaðist því miður af COVID-19 á síðasta starfsári en við gerum ráð fyrir að næsta vetur verðum við laus við veiruna. Stundum urðum við að fresta eða hætta við heimsóknir en svo kom smá tími sem hægt var að bæta úr og fara í heimsóknir og eins var svipað að segja með ferðir í Heimahaga. Samstarfsverkefnið „Heimahagar og íslenski hesturinn“ sem fara átti í við Hestamannafélagið Fák varð því miður COVID-19 að bráð síðastliðinn vetur, einungis var hægt að fara tvisvar síðasta skólaár en haldið verður áfram með verkefnið skólaárið 2021-2022 í staðinn. Hugmyndin er að börnin í hverfisleikskólunum og 1. bekkur Selásskóla fái að fræðast um íslenska hestinn og umönnun hans.

Samstarf 2021 – 2022

Selásskóli – Heiðarborg – Rauðaborg – Blásalir

Dagsetning og tími	Viðburður	Staðsetning	Ábyrgð
Sept/okt	1. bekkur heimsækir leikskólann	Heiðarborg	Deildarstjórar elstu barna sjá um skipulag heimsóknarinnar.
Í byrjun desember	Elstu börn leikskólans heimsækja bókasafn Selásskóla og fá þar sögustund.	Selásskóli - bókasafn	Bókasafnsvörður Selásskóla skipuleggur heimsóknina
16. nóvember	5. bekkur í Selásskóla les fyrir börnin í Heiðarborg í tilefni af degi íslenskrar tungu.	Heiðarborg	Stjórnendur og umsjónakennarar 5. bekkjar.
1x til 2svar í mánuði	<i>Stígur á milli stiga</i> , elstu börn leikskólans hitta jafnaldr og 1. bekk í heimahögum.	Heimahagar	Kennarar beggja skólastiga
Janúar - mars	Íþróttir og tónlist, elstu börn leikskólans fara í kennslustund hjá 1. bekk.	Selásskóli	Umsjónakennarar 1. bekkjar sjá um skipulag heimsóknarinnar
Desember og apríl	Elstu börn leikskólans heimsækja íþróttahús Selásskóla	Selásskóli - íþróttahús	Kennarar leikskólans sjá um skipulag heimsóknanna
Maí	Farið er yfir niðurstöður úr Hljóm-2 og umsögn með hverju barni sem fer í Selásskóla.	Heiðarborg	Kennarar beggja skólastiga
Maí	Foreldrar fara með elstu börnum leikskólans í vorskóla. Fá þar kynningu á starfsemi skólans og skólabyrjun.	Selásskóli	Umsjónakennarar 1. bekkjar sjá um skipulagningu.
Ágúst-nóvember og júní	Fundur kennara leik- og grunnskóla. Farið yfir áætlun og samstarf skólastiganna.	Selásskóli	Kennarar beggja skólastiga



8 Foreldrasamvinna

Foreldrasamstarf þurfti því miður að vera með öðrum hætti síðastliðið starfsári en í venjulegu árferði. Aðlögun barna á milli deilda fór fram án foreldra sem máttu ekki koma inn á deildir. Viðtöl við foreldra fóru oftast fram í síma og eins var rætt við foreldra úti við, stundum voru netfundir. Ekki var hægt að bjóða foreldrum á uppákomur sem í venjulegu árferði er boðið á s.s. aðventukaffi, þorra og konudagskaffi. Við vonum að þetta heyri nú sögunni til og hefðbundið foreldrasamstarf taki aftur við á komandi starfsári.

Í foreldraráði eru þrír fulltrúar foreldra en þeir eru kosnir á foreldrafundi að hausti. Foreldraráð fundar eftir þörfum en að lágmarki tvisvar á ári og þá með leikskólastjóra. Á fundunum er rætt um faglegt starf leikskólans, mönnun hans o.fl. sem snýr að starfinu. Foreldraráð les einnig starfsáætlunina og gefur henni umsögn.

Foreldrafundur verður haldinn 6. október. Þar fer fram kynning á vetrarstarfi leikskólans og áhersluþáttum hans. Einnig fer fram aðalfundur foreldrafélags og kosið í stjórn þess. Hlutverk foreldraráðs og umhverfisnefndar er kynnt og foreldrar hvattir til að gefa kost á sér í það. Að auki eru fundir með nýjum foreldrum þar sem nánar er farið í stefnu leikskólans o.fl. sem eru haldnir í aðlögunarviku barnsins.

Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári, í október og mars. Í viðtalinu meta deildarstjórar í samvinnu við foreldra stöðu barnsins og útbúa einstaklingsnámskrá. Viðtölin eru u.þ.b. 15 mínútna löng en fenginn er túlkur fyrir þá foreldra sem þess óska.

Foreldrafélag er virkt í leikskólanum. Miðað er við einn fulltrúa af hverri deild að lágmarki.

Foreldrafélagið stendur fyrir og/eða kostar ýmsa viðburði börnunum til ánægju og má þar nefna leikrit, viðburð á sumaráhátíð, páskaeggjaleit og nokkrar aðrar skemmtilegar uppákomur fyrir börnin.



9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Skóladagatal 2021 - 2022

Nafn skóla: **Heiðarborg**

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁJ	JÚNÍ
1 S	1 M	1 F	1 M	1 M Aðventuakvöld kl. 15.00	1 L Nýársdagur	1 Þ	1 Þ	1 F	1 S Veikisfjöldadagurinn	1 M Sumarskólinn byrjar. afmál Heiðarborgar
2 M Frídagur verslunarmanna	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 M dansk	2 M	2 L	2 M	2 F Útskrift elstu barna *
3 Þ Þrusmáttun	3 F	3 S	3 M	3 F	3 M	3 F Starfsdagur (spætt breytt)	3 F	3 S	3 Þ	3 F
4 M Sumarskólinn	4 L	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F	4 F	4 M	4 M	4 L
5 F Sumarskólinn	5 S	5 Þ	5 F	5 S 1. sunnudagur í aðventu	5 M	5 L	5 L	5 Þ	5 F	5 S Hélsunnumdagur
6 F Sumarskólinn	6 M Starfsdagur	6 M Foreldrafundur kl. 8.30	6 L	6 M	6 F Þrettándinn	6 S Dagur leikskólans	6 S	6 M	6 F	6 M Annar í Heiðarborgu
7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 Þ	7 F Starfsdagur	7 M Þrenndardagur	7 M	7 F	7 L	7 Þ
8 S	8 M Dagur læss	8 F	8 M Þrettándinn þessurinn	8 M	8 L	8 Þ	8 Þ	8 F	8 S	8 M
9 M Sumarskólinn	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 M dansk	9 M	9 L	9 M	9 F
10 Þ Þruskólinn opnar	10 F	10 S	10 M	10 F Íslandsdagur	10 M	10 F	10 F	10 S Pálmasunnudagur	10 Þ	10 F
11 M	11 L	11 M	11 F	11 L	11 Þ Það byrjar aftur	11 F Dagur íslenskra leikskólans	11 F Þrettándinn *	11 M	11 M	11 L
12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 S 2. sunnudagur í aðventu	12 M Önnur byrjar	12 L	12 L	12 Þ	12 F	12 S Þrenndardagurinn
13 F	13 M	13 M	13 L	13 M	13 F	13 S	13 S	13 M	13 F	13 M
14 L	14 Þ Það byrjar	14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 M Þrettándinn	14 M Dagur starfsháðinnar	14 F Starfsdagur	14 L	14 Þ
15 S	15 M	15 F	15 M	15 M Þruskólinn	15 L	15 Þ Þrenndardagur	15 Þ	15 F Fókusdagurinn lengi	15 S	15 M
16 M	16 F Dagur íslenskra náttúru grænna daga	16 L	16 Þ Dagur íslenskra tungu	16 F	16 S	16 M Öskudagurinn stíll	16 M	16 L	16 M	16 F Sumarskólinn
17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 F Þruskólinn	17 M	17 F	17 F	17 S Þruskólinn	17 Þ	17 F Lýðveldisdagurinn
18 M	18 L	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F	18 F	18 M Annar í þessum	18 M	18 L
19 F	19 S	19 Þ	19 F Starfsdagur	19 S 3. sunnudagur í aðventu	19 M dansk	19 L	19 L	19 Þ	19 F	19 S
20 F	20 M	20 M	20 L Dagur menntamála barna	20 M	20 F	20 S Kinnudagur	20 S	20 M	20 F	20 M
21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 Þ	21 F Þrettándinn kl. 15.00	21 M Þruskólinn kl. 15.00	21 M	21 F Sumarskólinn byrjar	21 L	21 Þ
22 S	22 M	22 F	22 M Þruskólinn	22 M	22 L	22 Þ	22 Þ	22 F	22 S	22 M
23 M	23 F	23 L Þruskólinn	23 Þ	23 F Þruskólinn	23 S	23 M	23 M	23 L	23 M	23 F
24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 F Aftanþingurinn	24 L	24 F	24 F	24 S	24 Þ	24 F
25 M	25 L	25 M	25 F	25 L Þruskólinn	25 Þ	25 F	25 F	25 M Dagur umhverfisins	25 M 12. starfsdagur	25 L
26 F	26 S Þruskólinn	26 Þ	26 F	26 S Annar í þessum	26 M dansk	26 L	26 L	26 Þ	26 F Þruskólinn	26 S
27 F	27 M	27 F Þruskólinn	27 L	27 M	27 F	27 S	27 S	27 M	27 F Starfsdagur	27 M
28 L	28 Þ	28 F	28 S 1. sunnudagur í aðventu	28 Þ	28 F	28 M	28 M	28 F	28 L	28 Þ
29 S	29 M	29 F	29 M	29 M	29 L		29 Þ	29 F	29 S	29 M
30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 F	30 S		30 M	30 L	30 M 12. starfsdagur	30 F
31 Þ		31 S		31 F Þrenndardagur	31 M		31 F		31 Þ	

* stjónumerkt byrðir að dagsetning gæli breyzt

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þeir þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þeir geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í s. umarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning

Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2021 – 2022

Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

XXXXX XXXXX
XXXXX XXXXXXXX
XXXXX XXXXXXXX



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:





Umsögn frá foreldraráði um starfsáætlun leikskólans Heiðarborgar fyrir starfsárið 2021-2022

Starfsfólk leikskólans hefur þurft að mæta miklum áskorunum á síðasta leikskólaári og þurft að sýna mikinn sveigjanleika í þeim óvenjulegu aðstæðum sem voru í samfélaginu með breytilegum sóttvarnarreglum, styttingu vinnuvikunnar og einnig framkvæmdum á húsnæði leikskólans. Starfsfólk leikskólans vann vel úr þeim áskorunum sem þeim mætti og náðu að finna lausnir til þess að halda leikskólastarfinu gangandi. Þau hafa greinilega þurft að hugsa út fyrir rammann og finna upp ný og spennandi verkefni fyrir börnin til þess að fylla upp í skarðið fyrir verkefni sem ekki var hægt að framkvæma eins og venjulega líkt og vettvangsferðir.

Starfsáætlun leikskólans tekur tillit til þarfa barnanna í leikskólanum og einnig starfsfólks og greinilegt að unnið er stöðugt að því að bæta vellíðan allra eins og með bættri vinnuaðstöðu, aukinni fræðslu og endurmenntun starfsfólks og vinna með hugmyndir barnanna og koma þeim í framkvæmd. Greinilegt er að metnaðarfullt starf er í gangi á hverri deild sem tekur mið af því sem börn þeirra deildar þarfnast. Einnig er gaman að sjá að innleiðing *tákn með tali* gangi vel og sé komið vel á veg í notkun.

Á síðasta leikskólaári dró úr samskiptum milli leikskóla og foreldra enda afar óvenjulegar aðstæður í samfélaginu og gott að sjá að í starfsáætlun leikskólans er markmið varðandi að finna leiðir til að auka samskipti við foreldra fyrir hag barnanna.

Foreldraráð leikskólans Heiðarborg:

Sara Björk Stefánsdóttir

Anna Sigríður Einarsdóttir

Áslaug Eva Antonsdóttir

Ástríður Jónasdóttir